

## Ný staða Íslands í utanríkismálum - tengsl við önnur Evrópulönd

**Ritstjóri:** Silja Bára Ómarsdóttir

**Bókarheiti:** Ný staða Íslands í utanríkismálum - tengsl við önnur Evrópulönd

**Gagnrýnandi:** Guðni Th. Jóhannesson

**Útgáfa:** Háskólaútgáfan, Reykjavík 2007, 204 bls.

### AÐDRAGANDI ÞESS AÐ ÍSLAND GEKK Í ESB

Þegar Ísland verður gengið í Evrópusambandið mun fræðafólk og annað áhugalið eflaust lesa þetta litla rit til að glöggva sig á aðdraganda þeirra miklu tímamóta. Nú þegar gagnast ritið þeim sem vilja fræðast um stöðu Íslands í Evrópusamrunanum, á þessum skrýtnu tímum þegar helst er deilt um hvort „Evrópumálin“ séu „á dagskrá“ eða ekki. En það mun væntanlega breytast á næstu árum. Afstaða Íslands til Evrópusambandsins gæti orðið mál málanna hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Bókin er byggð á nær samnefndri ráðstefnu sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hélt í nóvember 2006, „Ný staða í utanríkismálum – tengsl Íslands við önnur Evrópulönd“. Allir nema einn þeirra sem fluttu erindi á ráðstefnunni birta þau í bókinni og tveimur greinum var bætt við, frá Jónasi H. Haralz og Þorvaldi Gylfasyni.

Eftir inngangsorð Silju Báru Ómarsdóttur ritstjóra í upphafi ritsins er opunarerindi Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra og síðan hver greinin af annarri um Ísland og Evrópusamrunann að fornu og nýju:

- Einar Benediktsson, Evróputengsl Íslands: Reynslan af EFTA- og EES-samningunum.
- Róbert R. Spanó, Hugleiðingar um umfang lagabreytinga í tilefni af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningum.
- Ágúst Einarsson, Landbúnaður og Evrópusambandið – álitaefni við aðild.
- Gylfi Zoëga, Breytt viðhorf til peningamála: Sjálfstæði peningamálastefnu, fjármálastöðugleiki og fákeppni.
- Lilja Mósesdóttir, Evrópuvæðing íslenska vinnumarkaðarins.
- Þorvaldur Gylfason, Öndverð sjónarmið.
- Jónas H. Haralz, Að vera eða ekki: Íslensk gengismál á fyrri hluta 20. aldar.
- Baldur Þórhallsson, Íslenskir stjórnámálmenn og þátttaka í samruna Evrópu: Sérstaða eða sérvíska.
- Guðmundur Hálfðanarson, Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið?
- Úlfar Hauksson, Hvalreki eða skipbrot? Örlög íslensks sjávarútvegs í ESB.
- Valur Ingimundarson, Eftir „bandarísku öldina“: Samstarf Íslands við aðrar Evrópuþjóðir í öryggismálum.
- Harry Flam, Swedish economic performance and EU membership.
- Markus Lahtinen, The Finnish EU Experience.

Að síðustu er að finna í ritinu uppskrift pallborðsumræðna á ráðstefnunni í nóvember 2006. Óparfi er að rekja hér helstu atriði hvers erindis. Fyrirlesarar eru allir þekktir og sérfróðir á sínu sviði, enda hafa flestir þeirra tekið virkan þátt í umræðum um Evrópumál. Í skrifum þeirra er ýmsan fróðleik að finna, t.d. svakalegar tölur í grein Ágústs Einarssonar um styrki OECD-ríkja til landbúnaðar (bls. 40) og greinargóða gagnrýni Jónasar H. Haralz á gengis- og haftastefnu frá kreppuárunum og langt fram yfir lok seinni heimsstyrjaldar (samantekt á bls. 100). Þannig mætti áfram telja.

Greinarhöfundar fylgja þeirri forskrift ritstjórans „að setja mál sitt fram á aðgengilegan hátt til þess að vekja umræður og hvetja fólk til að nálgast þessi umfjöllunarefni á eigin forsendum“ (bls. 8). Sum erindin eru þó „áróðurskenndari“ en önnur og fékk ég það sérstaklega á tilfinninguna við lestur erindis Þorvaldar Gylfasonar. Þar er augljóst hvað greinarhöfundur heldur um Evrópumál og er það ekki sagt til lasts heldur til þess að benda á blæbrigðamun. Maður verður líka að viðurkenna að við lestur þeirrar greinar þurfti maður að fletta upp í orðabók til að vera alveg viss um hvað orðið „hampaminnst“ þýddi og ekki skyldi maður heldur orðið „rentusókn“ í grein Gylfa Zoëga.

Að öllu jöfnu mætti segja það frekar gagnslítið að eyða bleki og blaðsíðum á umræður og fyrirspurnir í fundarlok. Þótt margt fróðlegt geti komið fram í slíkum samræðum er líka hætt við því að fyrirspyrjendur gerist langorðir um lítið og vilji jafnvel helst láta koma fram að þeir viti nú líka afar mikið um það mál sem verið var að fjalla um. Hér hefur hins vegar vel tekist til að því leyti að umræður um

erindin, sem fram fóru á ráðstefnunni í nóvember 2006 og eru birtar í bókarlok, varpa frekara ljósi á viðfangsefni hennar. Þannig er gott að halda til haga þeirri hvössu gagnrýni sem Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður og núverandi formaður Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðisinnna í Evrópumálum, hafði í frammi. Ragnari fannst augljóst að kostir við aðild að ESB hefðu verið tíundaðir á ráðstefnunni miklu frekar en ókostirnir og þess hefði einkum gætt í sambandi við sjávarútvegsmál, enda hefði enginn talað máli íslenskra útvegsmanna sem hefðu verið „jafnvel skotnir í kaf með heldur dónalegum hætti“ (bls. 193).

Sjálfur fann ég ekki fyrir þessari meintu slagsíðu við lestur bókarinnar og í umræðum tóku ráðstefnuhaldarar fram að „einstaklingur úr sjávarútvegsgeiranum“ hefði átt að tala en forfallast á síðustu stundu (bls. 193). Við það varð ekki ráðið en spyrja má hvers vegna ekki var bætt úr þessu við gerð bókarinnar – einkum vegna þess að þá var tveimur höfundum bætt við hópinn.

Í lokin verður að benda á að prófarka- og yfirllestur hefði mátt vera nákvæmari og ekki er alltaf farið eftir íslenskum reglum um skiptingu orða milli lína. Á heildina litið er þetta þó góð og fróðleg bók sem fengur er að.